


Kaupfélag Skagfirðinga
Leiðbeiningar fyrir að gefa umboð fyrir
Viðskiptavefu KS

Einstaklingar og prókúruhafar geta veitt einstaklingum umboð til að sýsla með málefni sín inni á Viðskiptavef KS.

Til að gera það er farið á vefslóðina:

<https://login.signet.is/Home/Form/15>

Umboðsveitandi skráir sig inn með rafrænum skilríkjum.



Eftir innskráningu birtist valmynd þar sem má gefa einstaklingum aðgang að vef Kaupfélag Skagfirðinga (svf.) fyrir hönd annars einstaklings eða lögaðila.

Félag

Í reitnum félag er valið fyrir hönd hvers umboð á að gilda. Hægt er að velja á milli að gefa umboð fyrir hönd þess sem er innskráður eða lögaðila. Ef sá sem er innskráður hefur prókúru, birtist listi yfir þau félög sem viðkomandi er með prókúru fyrir. Velja skal úr listanum sem fyrir hvern umboðið á að gilda.

Umboðshafi

Settu kennitölu þess sem á að fá aðgang að viðskiptavef Kaupfélags Skagfirðinga inn í reitinn “**Umboðshafi**”

Fyrir hönd

Kerfið skráir sjálfkrafa inn í reitinn “**Fyrir hönd**” kennitölu þess aðila, sem er valin í reitnum “**Félag**”

Gildir til

Settu inn inn í svæðið „**Gildir til**“ dagsetningu fyrir hve lengi starfsmaðurinn á að hafa aðgang að vefsíðunni, t.d. dagsetningingu 2 árum frá deginum í dag.

Vista form:

Eftir að búið er að fylla inn upplýsingar um Félag, Umboðshafa, Fyrir hönd og Gildir til er smellt á hnappinn Vista form.

Dæmi um útfyllt form

Umboð fyrir viðskiptavef KS

Veita umboð til að sýsla á viðskiptavef KS

Félag:

Advania Ísland ehf.

Veldu fyrir hvern umboðið er

Umboðshafi

0101307789 Gervimaður útlönd

Fyrir hönd

5902697199 - Advan

Gildir til

31.08.2028

Kennitala þess sem
á að fá aðgang


Vista form

Veldu hve lengi
umboðið á að gilda

Eftir að ýtt hefur verið á „Vista form“ birtist mynd þar sem hægt er að fara yfir og staðfesta umboðsveitinguna



Þegar ýtt er á staðfesta fer af stað vinnsla þar sem umboðið er smíðað og umboðsskjal innsiglað.



Þegar umboðið hefur verið smíðað birtist mynd sem staðfestir umboðið. Ef veita á fleiri einstaklingum umboð er smellt á „Veita annað umboð“.

Upplýsingar um umboð

Umboðsveitandi: 2804683399 : Sigurður Másson

Umboð fyrir: 5902697199 : Advania Ísland ehf.

Umboðshafi: 0101307789 : Gervimaður útlönd

Stofnað: 20.8.2024 20:57:46

Umboð er tilbúið

Heim

Veita annað umboð

Sækja